

Danska Vorönn 2026	Hæfniviðmið Nemandi getur:
<i>Tvær kennslustundir í töflu á viku</i> <i>Bekkur: 8.b</i> <i>Kennari: Lind</i> Kennsla Smart lesbók og vinnubók. Hlustunaræfingar með lesbók og verkefni leyst jafnóðum í vinnubók. Unnið með þýðingar og orðaforða. Talæfingar. Lestur/hlustun, léttlestrarbók. Myndefni. Dönsk menning skoðuð. Markmið Markmið náms í vetur er að nemendur auki orðaforða sinn í dönsku, geti lesið sér til gagnseinfaldan texta um fjölbreytt efni og þýtt einfaldan texta úr dönsku, leyst verkefni á dönsku og skrifað einfaldan texta á tungumálinu. Ennfremur að nemendur þjálfist í að hlusta, skilja og eiga einföld samtöl á dönsku og geti framkvæmt aðgerðir eftir leiðbeiningum á viðkomandi máli. Að nemendur þjálfist í að nýta sér helst. hjálpartæki við námið eins og orða- og veforðabækur, leiðréttingarforrit og leitarforrit og geti umgengist þau af gagnrýni og bæti við þekkingu sína í málfræði stafsetningarreglum. Að nemendur fái innsýn í danska menningu og sameiginlegan norrænan arf.	Nemendur geta: Hlustun: - Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. - Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnugleg efni. Lesskilningur: - Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið léttan texta sér til gagns. Samskipti: - skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. - Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Frásögn: - sagt frá eða lýst sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. Ritun: - Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum með stuðningi út frá mynd, hlut eða gátlista. - Lýst í einföldu máli nærumhverfi, fjölskyldu, áhugamálum og vinum Námsmat Skil á vinnubókum/verkefnum Orðaforði Framfarir/þátttaka/samvinna/frumkvæði Efni Kennslugögn: Smart, lesbók, hljóðbók og vinnubók, Menntamálastofnun. Bordbombe, Menntamálastofnun. Den nye lærer, léttlestrarbók, Henrik Einspor. Orðabækur og orðabækur á netinu. Margvíslegt myndefni. Annað efni frá kennara.